

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 227. fundur

Föstudaginn 16. október 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundinn sat einnig Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar

1. Kjarasamningar staðan
2. Starfsmannamál
3. Endurskoðunarnefnd – Innra eftirlit
4. Rekstrarúttekt á byggðasamlaginu Strætó

### Tekið fyrir:

#### 1. Kjarasamningar staða

---

Fjármálasstjóri, Ástríður Þórðardóttir, fór yfir stöðuna í kjarasamningsviðræðum SFR og Strætó.

#### 2. Starfsmannamál

---

Umræður um starfsmannamál hjá Strætó.

#### 3. Endurskoðunarnefnd – Innra eftirlit

---

Á fundi stjórnar 28. nóvember 2014 var samþykkt að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar Strætó.

Endurskoðunarnefnd Reykjaborgar; Ólafur Kristinsson, formaður, Inga Björg Hjaltadóttir, Sunna Jóhannesdóttir og Hjalti Garðarsson, mættu á fund stjórnar og kynntu starfsemi nefndarinnar. Ólafur Kristinsson, formaður nefndarinnar, fór yfir störf sem tengjast innra eftirliti Strætó.

Niðurstöður úr verðkönnun varðandi innra eftirlit hjá Strætó verða lagðar fram á næsta fundi stjórnar.

#### 4. Rekstrarúttekt á byggðasamlaginu Strætó

---

Á fundi stjórnar Strætó 19. desember 2014 samþykkti stjórn fyrir sitt leyti tillögu stjórnar SSH frá 10. nóvember 2014 um að unnin yrði ítarleg greining á rekstri byggðasamlaganna Strætó, Sorpu og SHS í því skyni að leita allra leiða til að lækka kostnað sveitarfélaganna við rekstur byggðasamlaganna og ná fram allri þeirri hagræðingu í rekstri sem frekast er unnt. Samkvæmt tillögunni var skipaður sérstakur stýrihópur til að halda utan um verkefnið.

Á fundi stjórnar Strætó 16. janúar 2015 samþykkti stjórn fyrir sitt leyti tillögu stýrihópsins um að Ágúst Þorbjörnsson, hagverkfræðingur hjá Framsækni ehf., yrði fenginn til að taka út rekstur byggðasamlaganna þriggja.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og formaður stýrihóps um rekstrarúttekt á byggðasamlögunum og Ágúst Þorbjörnsson, ráðgjafi stýrihópsins, mættu til fundar við stjórn og gerðu grein fyrir stöðu rekstrarúttektar á byggðasamlaginu Strætó.

Til stendur að boða stjórn til sérstaks vinnufundar um verkefnið með ráðgjafanum á næstunni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10.

Fylgiskjöl:

- Kynning frá Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

---

Bryndís Haraldsdóttir

---

Kristín Soffía Jónsdóttir

---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

---

Gunnar Valur Gíslason

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Einar Birkir Einarsson